



**Byggðaráð Blönduósþæjar - 67. fundur
haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33, 17. ágúst 2016
og hófst kl. 17:00**

Fundinn sátu:

Guðmundur Haukur Jakobsson formaður
Zophonías Ari Lárusson varaformaður
Hörður Ríkharðsson aðalmaður
Arnar Þór Sævarsson sveitarstjóri.

Fundargerð ritaði: Arnar Þór Sævarsson, sveitarstjóri Blönduósþæjar

Dagskrá:

1. Rekstraryfirlit Blönduósþæjar - 1508019

*Jens P. Jensen aðalbókari Blönduósþæjar mætti á fundinn undir þessum lið.
Rekstraryfirlit Blönduósþæjar fyrstu 6 mánuði ársins 2016 lagt fram til kynningar.
Jens fór yfir rekstur Blönduósþæjar fyrstu 6 mánuði ársins.
Rekstur ársins er í meginatriðum í samræmi við áætlanir.*

2. Félags- og skólaþjónusta A- Hún - fundargerð frá 30. júní 2016 - 1608011

Fundargerð Félags- og skólaþjónustu A - Hún lögð fram til kynningar.

3. Félags- og skólaþjónusta A -Hún - fundargerð frá 8. júlí 2016 - 1608012

Fundargerð Félags- og skólaþjónustu A - Hún lögð fram til kynningar.

4. SSNV - fundargerð stjórnar 9. ágúst 2016 - 1608010

*Hörður Ríkharðsson leggur fram eftirfarandi bókun um 10. lið fundargerðarinnar.
"Fullyrt er í fundargerðinni að landbúnaður sé langstærsta og mikilvægasta
atvinnugreinin á Norðurlandi vestra. Ekki þarf að glugga lengi í hagskýrslur og
verkefnatengdar skýrslur um málefni landshlutans til að sjá að þessi fullyrðing
stenst ekki skoðun. Mikilvægi þessarar greinar er mikið og ályktun SSNV um
mikilvægi þess að vel takist til við gerð búvörusamninga er ágæt en óþarfi ætti
að vera að gera meira úr mikilvægi greinarinnar en efni standa til."*

*Hörður Ríkharðsson leggur jafnframt eftirfarandi bókun undir 11. lið
fundargerðarinnar.*

*"SSNV greinir nýframkomið frumvarp menntamálaráðherra um námslán með
afar athyglisverðum hætti. Í lokin er svo lagt til að þeir sem ekki þurfa
fjárhagsstuðning vegna náms fái hann ekki en þeir sem þurfi á honum að halda
njóti forgangs. Sérstök ástæða þykir undirrituðum að taka undir þessa
niðurstöðu stjórnar SSNV og þakka fyrir hana."*

Fundargerð stjórnar SSNV lögð fram til kynningar.



Byggðaráð

5. **Byggðasamlag Tónlistarskóla A - Hún - fundargerð frá 7. júní 2016 – 1608005**
Fundargerð Byggðasamlags Tónlistarskóla A - Hún lögð fram til kynningar.
6. **Veiðifélag Blöndu og Svartár - fundargerð frá 28. júlí 2016 - 1608001**
Fundargerð Veiðifélags Blöndu og Svartár lögð fram til kynningar.
7. **Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags - 1409008**
*Borist hefur umsókn um námsvist í Blönduskóla.
Fært í trúnaðarbók.*
8. **Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags - 1608013**
Afgreiðslu frestað
9. **Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags - 1608015**
Afgreiðslu frestað
10. **Tómstunda- og menningarmálanefnd Skagastrandar - styrkbeiðni – 1608006**
Tómstunda- og menningarmálanefnd Skagastrandar leitar eftir stuðningi Blönduósbæjar vegna bæjarhátíðarinnar Skagginn sem haldin verður 27. ágúst nk. og óskar eftir 50. þúsund króna styrk.

Blönduósbær samþykkir 50.000 kr styrk. Fjárveitingin er tekin af lið 0589-9991.
11. **Ferðamálastofa - Ósk um samstarf vegna mats og kortlagningar viðkomustaða ferðafólks - 1608002**
Ferðamálastofa óskar eftir samstarfi við Blönduósbæ um framhald verkefnis sem gengið hefur undir nafninu "kortlagning auðlinda ferðaþjónustunnar". Óskað er eftir að Blönduósbær tilnefni tengilið við verkefnið.

Byggðaráð tilnefnir Lee Ann Maginnis sem tengilið við verkefnið.
12. **Íbúðalánajóður - framkvæmd nýrra laga um almennar íbúðir - 1607018**
Bréf Íbúðalánasjóðs lagt fram til kynningar.
13. **Önnur mál**

Samningur um lagningu ljósleiðara í Langadal milli Mílu, Húnavatnshrepp og Blönduósbæ – 1608016
Byggðaráð samþykkir samninginn.



Byggðaráð

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 21:00

Guðmundur Haukur
Jakobsson

Zophonías Ari Lárusson

Hörður Ríkharðsson

Arnar Þór Sævarsson
